

AUGLÝSING

um skil á upplýsingum á árinu 2006 vegna framtalsgerðar o.fl. samkvæmt 92. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að eftirtöldum upplýsingum og gögnum vegna ársins 2005 skuli skilað eigi síðar en 6. febrúar 2006. Upplýsingum þessum skal, ef unnt er, skilað á tölvutæku formi, annaðhvort í gagnaskilakerfi ríkisskattstjóra eða samkvæmt færslulýsingu, sem finna má á slóðinni rsk.is/vefskil.

Sé upplýsingunum ekki skilað á tölvutæku formi skal þeim skilað til skattstjóra þess umdæmis, þar sem skilaskyldur aðili á lögheimili 1. desember 2005, eigi síðar en 26. janúar 2006 á tilgreindum eyðublöðum sem einnig má finna á vef ríkisskattstjóra, rsk.is.

1. Launamiðar og verktakamiðar (RSK 2.01). Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa af hendi launagreiðslur, hlunnindi, lífeyri, bætur, styrki, happdrættis- og talnavinninga (skattskylda sem óskattskylda), greiðslur til verktaka fyrir þjónustu (efni eða vinnu) eða aðrar greiðslur sem framtalsskyldar eru og/eða skattskyldar skv. 7. gr. laga nr. 90/2003.
2. Bifreiðahlunnindamiðar (RSK 2.035). Skilaskyldir eru allir þeir sem í rekstri sínum eða annarri starfsemi hafa haft kostnað af kaupum, leigu eða rekstri fólksbifreiðar og ekki fylla út RSK 4.03 vegna hennar.
3. Hlutfjármiðar (RSK 2.045). Skilaskyld eru öll hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnu-hlutafélög og sparisjóðir. Sé upplýsingunum ekki skilað á rafrænu formi skal jafnframt skila samtalningsblaði (RSK 2.04).
4. Launaframtal (RSK 1.05). Skilaskyldir eru þeir aðilar, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og ekki skila skattframtali á rafrænu formi, hafi þeir greitt laun eða viðbótarframlag í lífeyrissjóð á árinu 2005.
5. Skýrsla um viðskipti með hlutabréf (RSK 2.08). Skilaskyldir eru bankar, verðbréfa-fyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf.
6. Lán til einstaklinga (fasteignaveðlán, bílalan og önnur lán). Skilaskyldar eru fjármála-stofnanir (bankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir, tryggingafélög, fjármögnunarleigur o.s.frv.) sem hafa lánað fé til einstaklinga.
7. Stofnsjóðsmiðar (RSK 2.065). Skilaskyld eru öll samvinnufélög, þ.m.t. kaupfélög. Sé upplýsingunum ekki skilað á rafrænu formi skal jafnframt skila samtalningsblaði (RSK 2.06).
8. Takmörkuð skattskylda - greiðsluyfirlit (RSK 2.025). Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi, og skattskyldar eru skv. 3. tölul. (þjónusta eða starfsemi innt af hendi hér á landi) og 6. tölul. (leiga og greiðslur fyrir afnot eða hagnýtingu einkaleyfa og hvers konar annarra leyfa, réttinda, sérþekkingar, o.fl.) 3. gr. laga nr. 90/2003.
9. Greiðslumiðar – leiga eða afnot (RSK 2.02) . Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, sbr. 1. og 2. tölulíð C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, svo og fyrir greiðslur fyrir sérhver önnur afnot af réttindum, s.s. aflaheimildum, einkaleyfum eða sérþekkingu, enda sé ekki gerð grein fyrir þessum greiðslum á öðrum skilagreinum sem taldar eru upp hér að framan.

10. Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi (RSK 2.085). Skilaskyld eru öll hlutafélög sem gert hafa kaupréttarsamninga við starfsmenn sína samkvæmt staðfestri kaupréttaráætlun, sbr. 10. gr. laga nr. 90/2003.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 92. og 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 6. janúar 2006.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 6. janúar 2006